

Árið 2007, þriðjudaginn 17. júlí, kl. 13:30, kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **60. fundar** að Óseyri 2, Akureyri.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Grímseyjarhreppur, Grímsey, sækir um leyfi til að byggja sólstofu og setja niður heitan pott við sundlaugarbygginguna í Grímsey, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Ellert Má Jónssyni, dags. 12.06.07, verk nr. 07.102.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Thomas Seiz, Weinbergstrasse 45, Sviss, sækir um leyfi til að byggja við íbúðarhúsið á Nollu, Grýtubakkahreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Verkfræðistofu Norðurlands, dags. 16.07.2007, nr. 0962-00-0101.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti

3. Bjarni Guðmundsson og Ragnheiður Austfjörð, sækja um leyfi til að byggja 5 fermetra verkfæraskúr á lóð sinni nr. 4 í Heiðarbyggð í landi Geldingsár, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum og afstöðumynd.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Sigurbjörn Sigurðsson, Fróðengi 10, Reykjavík, sækir um leyfi fyrir þegar byggðu baðhúsi og geymslu á lóð nr. 12 í Heiðarbyggð í landi Geldingsár, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Gunnhildi Gunnarsdóttur, dags. 28.03.2007.

Byggingarnefnd samþykkir erindið

5. Marin ehf, Bergi, Svalbarðsstrandarhreppi, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús á lóð nr. 7 við Laugartún, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. teiknistofu dags. 16.07.2007, verk nr. 07-321.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, en bendir á að samþykki þarf að liggja fyrir frá lóðarhafa á lóð nr. 9 um frágang á mannvirkjum á lóðarmörkum milli lóðanna nr. 7 og 9.

6. Bent Hanson Garðsvík Svalbarðsstrandarhreppi, sækir um leyfi til að innrétta og breyta hlöðu í geldneytahús með legubás um á jörðinni Garðsvík, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá HS-Hönnunar Setrinu ehf, dags. 06.06.2007, verk nr. 07141, sbr. fyrri teikningar frá Landstólpa, dags. 11.08.2006 og afgreiðslu nefndarinnar á 52. fundi frá 18. ágúst 2006, 1. tölulið.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. Sigríður Helgadóttir, Einigrund 27, Akranesi, sækir um leyfi til að byggja sumarhús á lóð nr. 12 í Leifsstaðabrúnum, Leifsstöðum, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Svavari M. Sigurjónssyni, dags. 21.05.2007, verk nr. 07-07.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Óskar Kristjánsson, Grænuhlíð, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja kálfahús á jörðinni Grænuhlíð, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. teiknistofu, Ívari Ragnarssyni, dags. 16.07.2007, verk nr. 07-502.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Guðbjörn Elfarsson, Halldórsstöðum, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja fjárhús á jörðinni Halldórsstöðum, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Altekningu, Þorsteini Friðþjófssyni, dags. 08.06.2007, verk nr. 07-301h.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

9. Þór Jóhannsson og Helga Sigurðardóttir, Hleiðargarði, Eyjafjarðarsveit, sækja um leyfi til að byggja anddyri við aðal- og bakinnangang við íbúðarhúsið í Hleiðargarði, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Tómasi Böðvarssyni, dags. 25. júní 2007.

Byggingarnefnd samþykkir erindið

10. Þorsteinn Rútsson, Þverá, Hörgárbyggð, sækir um leyfi til að byggja vélageymslu á Þverá, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Luigi Bartolozzi, dags. 10.07.2007.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

11. Sverrir Haraldsson, Skriðu, Hörgárbyggð, sækir um leyfi til að byggja gripahús, (fjárhús og hesthús) á lögbylinu Skriðu, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Luigi Bartolozzi, dags. 10.07.2007, sbr. 10. tölulið 59. fundargerðar frá 5. júní 2007.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00

Árni Kristjánsson	Egill Bjarnason
Klængur Stefánsson	Hringur Hreinsson
Pálmi Laxdal	Jósavin Gunnarsson

Valtýr Sigurbjarnarson ritaði fundargerð